

**Nd.**

**163. Nefndarálit**

[105. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, sbr. lög nr. 7/1963, lög nr. 76/1967, lög nr. 10/1974 og lög nr. 85/1974.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar í nefndinni vildu samþykkja frv. óbreytt, en ég og Gylfi Þ. Gíslason vildum fella frumvarpið.

Aðalefni frv. er um hækkun á söluskatti um 2 prósentustig til ríkissjóðs. Gert er ráð fyrir að tvö söluskattsstig til Viðlagasjóðs falli niður nú í lok desembermánaðar, og er þá ætlun ríkisstjórnarinnar að færa þá skattheimtu yfir til ríkissjóðs.

Tvö söluskattsstig nema á ári um 2500 milljóna króna, og er því hér um að ræða aukna skattheimtu ríkissjóðs sem þeirri fjárhæð nemur. Það er skoðun okkar Alþýðubandalagsmanna að nú hefði átt að nota tækifærið og lækka heildar-söluskattsinnheimtuna sem þessum 2 stigum nemur, fyrst upplýst er að ekki sé nauðsynlegt að halda áfram þessari tekjuöflun Viðlagasjóðs. Augljóst er að ríkissjóður hefði getað aflað sér tekna á annan hátt en þennan, m. a. með sjálfsgöðum breytingum á tekjuskattslögum, þannig að fyrirtæki greiði miklu hærri gjöld en þau gera nú.

Þá hefði einnig verið réttmætt að falla frá fyrirhugaðri lækkun á tollum á vörum frá Efnahagsbandalagslöndum, en skv. fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir 800 milljón króna lækkun á tollatekjum ríkissjóðs á næsta ári vegna slíkrar tollalækkunar.

Lækkun á söluskatti um tvö prósentustig hefði vissulega komið sér vel eins og nú standa sakir í verðlagsmálum. En það er eins og jafnan áður, þegar á reynir, þá hefur ríkisstjórnin lítinn áhuga á lækkun verðlags, þó að hún tali mikið um hættulegar afleiðingar verðbólgu.

Ég legg til að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 11. des. 1975.

Lúðvík Jósepsson.